

L Ö G

47

19. maí

um

fiskveiðasjóðsgjald.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af öllum íslenskum fiskiafurðum, þar á meðal síld og sildarafurðum, hverju nafni sem nefnast, sem fluttar eru til útlanda, skal umfram lögmaelt útflutningsgjald til rikissjóðs greiða í Fiskveiðasjóð Íslands $\frac{1}{8}\%$ gjald af verði afurðanna.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, að frádregnu útflutningsgjaldi, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu útflutningsgjaldi og flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef fiskiafurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður rikissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má að verðar séu með umbúðum, fluttar á skip. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra eða innheimtumanni rikissjóðs vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

3. gr.

Nú sannar sendandi það, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskirteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður rikissjóðs hefir selt á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærra en hann hefir selt þær, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að endurgreiða mismuninn.

4. gr.

Til fiskiafurða þeirra, er getur í 1. gr., telst allskonar fiskur, þar á meðal síld og hverskonar fiskiafurðir eða sildarafurðir, sem verkaðar eru eða

47 fluttar milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiðin hafi farið fram 19. maí utan landhelgi.

5. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skip leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, er ræðir um í lögum þessum, er skyldur að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni rikissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskirteinum eða öðrum hleðsluskirteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, taka ákvæði þessi einnig til skipstjóra og afgreiðslumanna skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir fiskveiðasjóðsgjaldinu.

8. gr.

Lögreglustjórar eða tollstjóri skulu gera reikningsskil fyrir fiskveiðasjóðsgjaldinu, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem sannur verður að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það fiskveiðasjóðsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í rikissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður rikissjóðs hefir grun um, að skilríki þau, er í 6. gr. getur, séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða lætur frá landi, eða á annan veg útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni.

Kostnað, er af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella rikissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

47

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931 og gilda þar til er höfuðstóll 19. maí
Fiskveiðasjóðs Íslands nemur 8 milljónum króna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

48

19. maí

um

gagnfræðaskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri skulu
vera gagnfræðaskólar. Heimilt er ennfremur landsstjórninni að láta efna
til gagnfræðaskóla á Siglufirði og Norðfirði, þegar kaupstaðir þessir óska þess
og uppfylla skilyrði þessara laga.

2. gr.

Markmið gagnfræðaskólanna er að veita ungmennum, sem lokið hafa
fullnaðarprófi barnafræðslunnar, kost á að afla sér frekari hagnýtrar fræðslu,
bóklegrar og verklegrar, gera þá nýtari þegna þjóðfélagsins og hæfa til að
stunda nám í ýmsum sérskólum.